



## Afurðaverð nautgripa hækkar



Norðlenska hækkaði afurðaverð nautgripa í júní. Hækkunin var um 10% að meðaltali og þar með greiðir fyrirtækið ámóta fyrir afurðirnar og aðrir sláturleyfishafar. Sem dæmi má nefna að fyrir eitt kg af UN 1 ÚA – holdanauti verða greiddar 565 kr. og fyrir kg af UN 1 ÚA 556 kr. Verðskrána má sjá í heild á heimasíðunni, fyrirtækisins - [www.nordlenska.is](http://www.nordlenska.is)

## Fullvinna garnir til útflutnings



Reynir B. Eiríksson

Tveir sláturleyfishafar á Norðurlandi hafa stofnað fyrirtækið Iceland Byproducts um fullvinnslu á görnunum til útflutnings og verkun á vömbum. Norðlenska hafði forgöngu um stofnunina en eigendur eru einnig SAH Afurðir á Blönduósi. Fjallalamb á Kópaskeri og Sláturfélag Vopnfirðinga munu að auki leggja inn afurðir hjá IB. Vinnslan verður á Húsavík og sjö munu starfa við hana í haust.

Iceland Byproducts er stofnað í samvinnu við írsku fyrirtækið Irish Casings og munu tveir starfsmenn frá Írlandi verða hér á landi í haust og hafa yfirumsjón með vinnslunni. Garnir hafa verið hálfverkaðar héraendis og það verður gert áfram í einhverjum mæli í haust, en Reynir B. Eiríksson framleiðslustjóri Norðlenska vonast til þess að fleiri sláturleyfishafar leggi inn garnir til hins nýja fyrirtækis í framtíðinni.

„Markmið þessara fjögurra sláturleyfishafa er að nýta betur aukaafurðir sem falla til við sauðfjárslátrun. Þá má ekki gleyma því að þetta verður líka til þess að minnka úrgang. Við ýtum starfseminni úr vör í haust, reynum að finna rétta taktinn og sniða af agnúa, ef einhverjir verða. Í framtíðinni stefnum við svo að því að færa út kviarnar og þá koma vonandi fleiri sláturleyfishafar að þessu,“ segir Reynir.

Garnirnar verða seldar til Egyptlands þar sem þær verða flokkaðar og síðan notaðar utan um pylsur af ýmsu tagi. Reynir gerir ráð fyrir að í haust verði unnar 240 til 250 þúsund garnir á Húsavík.

Hjá Iceland Byproducts verða einnig verkaðar vambir til útflutnings. Þær verða seldar til Gana og notaðar í súpur og annað slíkt. Norðlenska hefur undanfarið selt bein á svipaðar slóðir.

## Pantið forslátrun fyrir sauðfé sem fyrst!

Bændur eru hvattir til þess að panta tímanlega hafi þeir hug á forslátrun. „Við áætluðum að slátra 300-400 lömbum á dag, 25.-27. og 30.-31. ágúst. Það verður því um takmarkað magn er að ræða og ekki h ægt að lofa að allir komi sínu að þessa daga,“ segir Sigmundur Hreiðarsson vinnslustjóri á Húsavík.

### Mikilvægt að allir standi saman

„Það er og verður nauðsynlegt að flytja út lambkjöt. Sláturleyfishafar hafa lagt mikið þúður í útflutning og sótt á marga nýja markaði, sem skiptir máli þótt markaðirnir séu eðlilega misgóðir,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Sigmundur dregur ekki dul á að rekstrumarhverfið sé erfitt um þessar mundir enda fjármálakerfi landsins enn laskað, „auk þess sem að öll sveifla á krónunni hefur bein áhrif á afkomu vegna útflutnings. Samfélagið vill að krónan styrkist, en öll styrking hennar veldur okkur í raun búsíftum í útflutningnum því tekjurnar minnka. Þess vegna er mikilvægt að allir standi saman; samstaða bænda og úrvinnslustöðva við að markaðssetja íslenska vöru til neytenda skiptir miklu máli,“ segir Sigmundur.



Sigmundur Ófeigsson

### Betri nýting á hverjum sláturdegi



Sigmundur Hreiðarsson

„Sláturhúsið verður fullmannað miðvikudaginn 1. september. Það er viku seinna en í fyrra, en þá voru þó nokkuð margir dagar sem ekki nýttust til fulls. Það hefur verið erfitt að fá fê í byrjun sláturáætlunar til að fylla heila daga í húsinu,“ segir Sigmundur Hreiðarsson vinnslustjóri Norðlenska á Húsavík.

„Við stefnum á að vera komin í full afköst 9. september í stað 15. september í fyrra en við áætlun engu að síður að slátrun verði lokið á sama tíma og á síðasta ári, miðvikudaginn 27. október. Miðað við að þetta gangi upp þá er klárt að mun betri nýting verður á hverjum sláturdegi með tilheyrandi sparnaði.“

Sigmundur segir slátrun samkvæmt sláturáætlun munu hefjast mánudaginn 6. september og eins og áður óski fyrirtækið eftir því að bændur skili inn sláturfjárloforðum eins fljótt og auðið er, „því það hjálpar mikið við niurröðun sláturáætlunar og er okkur öllum til hagsbóta; við erum jú öll í sama bátnum og þurfum að róa samtaka í sömu átt og sigla þessu ágæta fyrirtæki okkar fram á við,“ segir Sigmundur Hreiðarsson á Húsavík.

Að sögn Einars Karlssonar sláturhússtjóra á Höfn hefst slátrun þar 21. september og stendur út október. „Við vitum ekki enn hve miklu við munum slátra en göngum út frá því að það verði svipað magn og í fyrra,“ segir Einar Karlsson á Höfn.

### Verð birt upp úr mánaðamótum

Verðskrá Norðlenska fyrir sauðfé verður birt upp úr næstu mánaðamótum á heimasíðu félagsins. Reynslan sýnir að hún tekur einhverjum smávægilegum breytingum frá fyrstu birtingu og jafnan verða nýjar upplýsingar birtar á vefnum um leið. Þá verður sent út nýtt fréttabréf í lok ágúst mánaðar þar sem nánari grein verður grein fyrir verðskránni. Fyrirsjáanlegt er að verð mun breytast nokkuð, þar sem samningur um geymslugjöld hafa ekki verið endurnýjaðir við sláturleyfishafa.

### Mikið selst af grillkjöti

„Sala á grillkjöti hefur verið mjög svipuð og í fyrra það sem af er sumri,“ segir Ingvar Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska. Umtalsverð aukning varð í sölu grillkjöts í fyrrasumar og ástæðan aðallega talin aukin ferðalög Íslendinga innanlands. Athyglisvert er að í sumar selst meira af dýrari kjötbitum en áður, t.d. fille og lundir. Ingvar segir að aukning í lambkjötssölu í sumar nemi um 12% en um 30% sé horft til dýrari hluta lambsins.